



CQ TF



2. tölublað 17. árgangur maí 1999

CQ TF er félagsblað ÍRA sem er landsfélag Íslenskra Radióamatöra.

ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.
- Örva radiófróttir meðal radióamatöra.
- Próa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 1999-2000 eru:

Formaður:

Haraldur Þórðarson TF3HP

Varaformaður:

Heimir S. Jónsson TF3TXT

Ritari:

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS

Gjaldkeri:

Guðjón H. Egilsson TF3WOT

QSL Manager:

Bjarni Sverrisson TF3GB

Varamaður:

Friðrik Kristjánsson TF3FK

Varamaður:

Halldór Christensen TF3GC



Fjórir glaðbeittir á aðalfundinum 28. febrúar 1999
Gunnar TF3FB, Axel TF3AX, Bjarni TF3BM og Þór TF3GW
Myndina tók TF3GB

Meðal efnis í þessu blaði:

Skýrsla formanns á aðalfundi ÍRA 28.02.99 .	2
Fundargerð aðalfundar ÍRA 28.02.99	4
Fundargerðir stjórnarfunda	7
Fréttir úr starfi Radióskáta	9
Er til leið til að fjölga amatörum	10
Félagatal ÍRA 1999	11
Félagatal Radióskáta 1999	14
Eru radióamatörar í útrýmingarhættu	15
Ársreikningar ÍRA 1998	17
Amatör námskeið haldið í upphafi árs	18
Hvernig getur nokkur maður lært mors	20
Sumarbandið 6 metrar	21
Úr ýmsum áttum	23

ÍRA hefur félagsaðstöðu í félagsmiðstöðinni Próttheimum Holtavegi 11 Reykjavík og eru fundir á hverju fimmtudagskvöldi. Póstfang ÍRA er: Íslenskir Radióamatörar, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. ÍRA er með talhólf símanúmer þess er 881 2158 ÍRA er með heimasíðu á internetinu og er slóðin þangað <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> þar er að finna ýmsar upplýsingar um félagið, amatörradíó og netútgáfu af CQ TF. Ritstjóri CQ TF er Brynjólfur Jónsson TF5BW.

Skýrsla formanns á aðalfundi ÍRA 28.02.99

Ágætu félagar.

Á síðasta aðalfundi voru eftirfarandi kosnir til starfa í stjórn ÍRA. Haraldur Þórðarson TF3HP, formaður. Til tveggja ára Heimir Jóhannsson TF3TXT og Vilhjálmur Sigurjónsson TF3VST til eins árs í stað Sveinbjarnar Jónssonar TF3VET, sem baðst lausnar vegna fyrirhugaðs flutnings til útlanda. Á fyrsta fundi stjórnar skipti hún með sér verkum þannig:

Varaformaður Heimir Jóhannsson TF3TXT

Ritari Vilhjálmur Sigurjónsson TF3VST

Gjaldkeri Guðjón H Egilsson TF3WOT

Spjaldskrárritari Bjarni Sverrisson TF3GB



Frá Aðalfundi ÍRA 28. febrúar 1999. Myndina tók TF3GB

Stjórnarfundir voru haldnir reglulega á fyrsta miðvikudegi hvers mánaðar nema rétt yfir sumar-mánuðina en þá var reynt að halda þá eftir því sem stóð á sumarfríum stjórnarmanna.

Á árinu hafa engin stórmál komið inn á borð stjórnarinnar en vandræði og óvissa með húsnæði félagsins ulla þó nokkrum taugatitringi meðal okkar. Í byrjun sumars var ekki vitað annað en að við ættum að yfirgefa svæðið og kom reyndar fyrirmæli frá ÍTR um að taka niður öll loftnet og það fyrir mitt sumar. Olga var tekinn niður en samkomulag gert við íþróttafélagið í Hveragerði, sem hafði keypt staurana við völlinn, um að við gætum haldið staurnum sem bar uppi bímið. Þegar kom fram á

haust kom í ljós að ekki hafði tekist samkomulag á milli ríkis og borgar um nýtingu á húsinu og ákveðið að unglingamiðstöðin héldi áfram a.m.k. í vetur. Var farið í samningaviðræður við skrifstofu Borgarverkfræðings og þar tókst ritaranum að sanfæra verkfræðingana um að þeir gætu allteins byrjað á hinum endanum, þ.e. fjærst húsinu og staurinn okkar yrði ekki fjarlægður fyrr en næsta vor. En þá komu boð frá Hvergerðingum um að samkomulagið frá því í vor væri ekki í gildi lengur og ættum við því aðeins þann kost að hafa staurinn og skila honum síðan til Hveragerðis á okkar kostnað. Að athuguðu

máli var því hafnað og bímið tekið niður og enn var haft samband við skrifstofu Borgarverkfræðings sem enn á ný brást fljótt við og nú var turninn okkar þessi 10 metra teiknaður á húsið og það lagt fyrir byggingarnefnd sem samþykkti breytingarnar og við settum turninn upp. Því verki stjórnaði

Heimir. Þessi staðsetning hefur ekki reynst verri en þegar bímið var á staurnum. Heimir, Bjarni og Halldór settu síðan upp á húsið 5 banda vertical sem hefur reynst allvel.

Eins og gefur að skilja kostar mikið fé að reka félag eins og ÍRA og enn meira ef ekki kæmi til velvilji ÍTR, sem hefur gefið okkur þetta aðgengi að Þróttheimum. Þetta aðgengi hefur því miður hefur ekki verið alveg hnökralaus til dæmis um helgar höfum við ekki getað fengið að vera hér eins og við vildum en þrátt fyrir það held ég að kostirnir séu fleiri en gallarnir.

Klúbbstöðin hefur verið gangi í nokkrum keppnum

og náð viðunandi árangri!! WPX ssb með rúmlega eina milljón og eitt hundrað punktar. Í IARU keppninni var félagsvinurinn Hillar N6HR aðal drifkrafturinn og lagði hann lykkju á leið sína frá Lettlandi til USA til þess að taka þátt í þessu með okkur. Hann sá síðan alfarið um að senda út QSL kort 100% og gaf okkur síðan rúmlega 500 stykki til afnota. Hann lét prenta um 2000 kort á sinn kostnað þannig að þarna er um nokkuð stóra upphæð að ræða. Einnig tók félagið þátt í einni stórri RTTY keppni. Því miður var þátttaka félagsmanna ekki mikil þannig að þetta reyndi á sárafáa féлага, væri örugglega hægt að koma öðrum að ef vildu.

Ég hafði samband við nokkur fyrirtæki hér í Reykjavík til að kanna hvort þau hefðu áhuga á að kosta prentun á qsl kortum en því miður var það sama svarið. Höfum ekki áhuga...

Við höfum skoðað nokkur hús í eigu Reykjavíkur en öll hafa þau verið mjög léleg og tæplegast haldið vatni né vindi og flest verið rifin

Uppákomur hafa verið nokkrar hjá félaginu á s.l. ári. Til dæmis var farið að Knarrarósi til þess að taka þátt í Vitakeppninni Ligthhouse contest þarna mættu margir félagar og við sem vorum þarna báða dagana höfðum verulega gaman að og var þess heitið að fara þangað aftur að ári og þá að gera þetta að almennilegum fjölskyldufagnaði með öllu því sem því fylgir.

Landsími Íslands bauð félagsmönnum til fagnaðar þegar hið nýja safn við Suðurgötu hafði verið opnað og síðan í kvöldverð í mötuneyti þeirra Landsímanna. Þangað komu um 40 manns og áttu góða stund. Ég vil nota tækifærið til þess að þakka þeim fyrir þessa kvöldstund.

W. Green útgefandi að amatörblaðinu 73 hafði skrifað nokkrum amatörum og óskað eftir því að fá að hitta okkur eina kvöldstund. Svo heppilega vildi til að við gátum sameinað safnaferðina og kvöldverðinn hjá Landsímanum hf til þess að hlusta á erindi hr Green og hafði hann kosið að tala lítillga um það þegar Rússar björguðu amatörunum, einnig talaði hann um annað hugarefni sitt bætt heilsuástand og betra fæðuval. Nýlega fékk ég bréf frá honum þar sem hann þakkar fyrir þessar frábæru móttökur.

Það hefur verið kannað hvað kostar að gera barmmerki félagsins og er ætlað að það geti kostað um 40 þúsund. Það mál er í frekari vinnslu.

Stjórnin hefur gert nokkuð til þess að kynna félagið útá við og þannig tókum við þátt í svo kölluðum Smiðjudögum og JOTA í samstarfi við Radíóskátafélagið og nokkrir menn frá félaginu sáu um að reka HF stöð á mótinu og einnig tókum við á móti stórum hópi skáta hér í Próttheimum og nutum þar góðrar aðstoðar starfsfólksins hér, sem sá um veitingar fyrir unglínganna ásamt dagsskrá auk þeirrar sem við buðum uppá. Okkur var boðið að kynna félagið á fundi hjá klúbbnum 4 x 4 og ég held að það hafi tekist nokkuð vel.

Að síðustu vil ég geta þess að blaðið CQ TF kom út á 5 sinnum árinu og sem endranær nær var það TF5BW sem sá um að ritstýra því. Ég veit og það hefur verið sagt við mig að þessi háttur á að gefa út félagsblað sé einstakur og þakkar stjórnin Billa fyrir útgáfuna og þessa miklu vinnu.

Núna í febrúar hófst námskeið fyrir verðandi amatöra og hafa mætt allt að 20 manns á þau. TF3JA, TF3UA og TF3HDT tóku að sér að sjá um kennslu á raffræðinni og tilheyrandi en TF3AX kennir morse og notast þar við aðferð TF3KB sem hefur gefist mjög vel. Áætlað er að þetta fólk taki próf í maí. Í undirbúningi hefur verið það sem hefur verið kallað morse gaman en það er liður í því að koma af stað tíðnimótuðu cw á VHF tíðnum og fékkst leyfi frá pósti og fjarskiptastofnun til þess að T leyfishafar mættu nota þetta.

Eins og menn muna eflaust var í fyrra farið af stað með endurskoðun á gildandi reglugerð um starfsemi radíóamatöra og núna hillir undir að því mikla starfi prófanefndarinnar verði lokið og er stefnt að því að nú í vor verði haldinn fundur um niðurstöður þeirra vinnu.

Núna hillir undir að við fáum okkar eigið kennsluefni á íslensku og hefur Jón Þóroddur TF3JA tekið að sér uppbyggingu á því má með þeirri reynslu sem fæst út úr núverandi námskeiðum.

Ég þakka stjórnarmönnum ÍRA fyrir samstarfið á liðnu ári.

TF3HP

Fundargerð aðalfundar ÍRA 28.02.99

Fundurinn fór fram í Próttheimum við Holtaveg þann 28. febrúar og hófst 15 mínútum eftir áður auglýstan tíma, eða kl. 13.15.

Formaður ÍRA, TF3HP, sagði fund settan og bauð fundarmenn velkomna. Þá stakk Haraldur uppá TF3KB, sem fundarstjóra og samþykkti fundurinn hann samhljóða.

Þegar fundarstjóri hafði tekið við stjórn fundarins óskaði hann eftir tillögu um fundarritara. Tillaga kom fram um TF3AO, og var hann samþykktur samhljóða.

Þá var lýst eftir umboðum og kom eitt umboð fram frá TF3KET til handa TF3VDT. Hafði fundurinn ekkert við umboðið að athuga.

TF3VS ritari las fundargerð síðasta aðalfundar og að afloknum upplestrinum var fundargerð lögð fram til samþykktar og var samþykkt án mótmæla.

Þá las TF3HP upp skýrslu stjórnar. Að loknum skýrslulestrinum þakkaði TF3KB fyrir lesturinn.

TF3HP bætti við skýrsluna nýjustu fréttum af störfum pr ó f a - nefndar að r e g l u - gerðar - málum. Sagði hann að talsvert starf hafi þegar verið unnið, en prófanefnd hafi beðið um frest til að fullgera s í n a r tillögur.



Frá aðalfundi ÍRA 28 febrúar 1999. Frá vinstri TF3VS, TF3JKT og TF3HKT
Myndina tók TF3GB

Þegar fundarstjóri hafði beðið embættismenn að gera grein fyrir störfum sínum, tók TF5BW, ritstjóri CQ TF, til máls, og sagði frá blaðaútgáfunni. Kvartaði

hann sáran undan því að menn væru latir til skrifta í blaðið og hvatti til að menn tækju sig nú til og bættu um betur. Allt efni sem varðaði áhugamálið ætti heima í blaðinu. Sagði Brynjólfur að með áframhaldandi efnisleysi fækkaði þeim tölublöðum á ári sem kæmu út, en þau hefðu verið 5 á síðasta ári. Varðandi embættisverk í diplómumálum sagði sá hinn sami að talsvert hafi verið sótt um slíkar á síðasta ári. Taldist honum til að þegar sé búið að gefa út 408 diplómur. Þar hafi verið vinsælasta diplóman, WANC eða “Worked All Nordic Countries”. Sem umsjónarmaður heimasíðu félagsins sagði enn hinn sami að nú þegar hafi um 2000 manns heimsótt heimasíðu félagsins. 1201 hafði skoðað íslensku heimasíðuna og 980 erlendu síðuna. Þá höfðu um 1000 manns skoðað félagatalið. Sagði Brynjólfur að endurskoða þyrfti texta á heimasíðunni, bæði íslenskan og enskan, og óskaði hann eftir mönnum til þess að gera það, sagði að næg vinna væri hjá sér að halda síðunum úti. Hann sagði einnig að með útgáfu blaðsins á svokölluðu “PDF-formati”, þá hafi um 40 félagar tekið við blaðinu í tölvupósti og sparaði það félaginu þó nokkrar fjárhæðir og auk þess gætu hinir sömu prentað út blaðið heima hjá sér með talsvert betri gæðum heldur en ljósritun byði uppá.

Að afloknu erindi sínu h l a u t Brynjólfur g o t t lófaklapp og vildi TF3KB bæta enn um betur og bað menn um að þakka Billa fyrir mjög vel unnin störf með í t r e k u ð u lófaklappi.

Tóku menn vel í tillögu Kristján's og klöppuðu enn vel.

TF3VS tók til máls og tók undir lof til verka Billa og sagði eitthvað í þá átt að félagsblað væri það afl sem næði að halda félaga- h ó p n u m saman, og því mætti útgáfa blaðs ekki leggjast af.

TF3KB sagði frá störfum sínum í prófanefnd og einnig frá störfum við tengsl við erlend félög svo sem IARU. Sagði Kristján

að þó að talsvert starf væri að baki hjá nefndinni væri ennþá talsvert starf óunnið. Um alþjóðasamstarfið sagði hann að víða væri uggur í amatörum um þróun amatörradíós. Víða væri sótt að tíðni sviðum þeirra og yrðu menn að nota böndin sem þeim væru úthlutað svo hægt væri að sýna fram á einhverja virkni. Þá sagði hann að þar sem umsvifin væru orðin meiri, fleiri ráðstefnur þyrfti að sækja o.s.frv., þá hafi komið fram að hækka þyrfti meðlimagjald í IARU úr CHF 1,55 í CHF 2,25. (CHF = 52 ISK) Þó að þetta sé talsverð hækkun prósentulega, er þetta ekki mikið árgjald á móti því sem við fáum í staðinn.

Varðandi Morse þá er það álit prófanefndar að gera þurfi fólki auðveldara að læra það. Er það þeirra álit, að sú aðferð sem tekin hefur verið upp á síðustu árum sé mjög góð til eftirbreytni, en hún felur það í sér að hver stafur er sendur hratt, á u.þ.b. 150 stafa hraða, en bil á milli stafa aukið þannig að endanlegur nýliðahraði verði t.d. 15 stafir á mínútu.

Nokkrar umræður spunnust um þetta og m.a. kom TF3JKT að málinu og sagði að bara við 100 stafa hraða, hafi hún fundið að það væri of mikið fyrir sig.

Ekki voru fleiri embættismenn sem vildu leggja fram skýrslu sinna embætta.

Þá var komið að þeim dagskrárlið að gjaldkeri, TF3WOT, legði fram reikninga félagsins. Sagði

Guðjón að i n n h e i m t a félagsgjalda hefði sjaldan verið jafn góð eins og síðast ár. TF8GX, sagðist sjá það í reikningum félagsins að enn hafi félagið ekki greitt fyrir HF s t ö ð i n a . T F 3 W O T svaraði því og sagði að f é l a g i ð



Frá aðalfundi ÍRA 28 febrúar 1999. Frá vinstri TF3HP, TF3DC og TF8SM. Myndina tók TF3GB

skuldaði sér stöðina, og yrði það gert upp við tækifæri. TF3DC spurði hvort ekki væri eðlilegt að safnað yrði fyrir stöðinni, eins og safnað hafi verið fyrir endurvarpanum Tóta. TF3VS sagði að kostnaður við IARU væri lítill miðað við kostnað Landsbanka Íslands á umsjón með innheimtu félagsgjalda. Sagði Vilhjálmur að það mætti fylgja góðu fordæmi ritstjóra CQ TF og spara peninga. Var fallist á þá tillögu að gjaldkeri sendi þeim mönnum sem hafa tölvupóstfang, upplýsingar um í hvaða banka og inná hvaða reikning mætti greiða félagsgjaldið, svo spara mætti með hætti útsendingu á gíróseðlum til þeirra aðila. Þá gætu menn látið þessar upplýsingar berast til annarra félaga, sem ekki hefðu slíkt pósthfang.

Reikningarnir höfðu verið lagðir fyrir endurskoðendur félagsins og þeir samþykktir af þeim. Þá voru hinir sömu reikningar lagðir fyrir til samþykktar á fundinum og voru þeir samþykktir mót-atkvæðalaust.

TF3TXT hóf máls á endurvarpamálu. Sagði hann frá sísendi þeim sem stæði til að setja upp á Steingrímsfjarðarheiði. Þegar væri búið að fá samþykki fyrir senditíðni hans svo og húsnæði fyrir hann. Stæði til að reyna að koma honum upp einhvern tíma á næstu 3 mánuðum eða svo.

Heimir sagði frá að Búri hafi verið tekinn niður og

að lokinni yfirhalningu standi til að setja hann upp á sínum gamla stað í Kópavogi til prófunar.

Næst á dagskrá voru breytingar á lögum félagsins. Tekið var fyrir erindi TF5BW (tillögurnar voru kynntar í 4. tbl. af CQ TF 1998). TF3KB las upp breytingartillögu við 15.grein. Þá bað Billi um orðið til að fylgja tillögunni úr hlaði með rökstuðningi. TF3JKT sagði að svona nokkuð þyrfti ekki að setja í lög félagsins, nægilegt væri að setja bókun um þetta á aðalfundi. Þá tók TF3VS til máls og sagði að stjórnin hafi áður verið skömmuð fyrir að halda fundi á laugardegi, en ekki á sunnudegi. TF3TF tók undir óskir TF5BW og sagði þær af eðlilegum toga sprottnar. TF3JA spurði hvort nauðsynlegt væri að segja: Seinni-part laugar dags. TF5BW sagði að það væri til þess að þeir sem ættu heima úti á landi gætu lagt af stað á fundinn að morgni sama dags, og næðu örugglega í tíma.

Fram kom breytingartillaga frá TF3JKT (sjá meðfylgjandi gögn sem eru í vörslu ritara). Bæði TF3TXT og TF3VS sögðu að nokkrir varnaglar væru í tillögu TF5BW, þannig að stjórnin gæti breytt tímasetningu ef nauðsyn væri á. Þá var tillaga TF3JKT borin undir atkvæði. Var tillagan felld þar sem 6 voru með henni, en 8 á móti. Þá var tekin til atkvæða tillaga TF5BW. Var hún samþykkt með 12 atkvæðum, 3 voru á móti. Næst var tekin fyrir tillaga TF5BW um breytingu á 17.grein. Eins og fyrr fylgdi Brynjólfur tillögu sinni úr hlaði með rökstuðningi. Þá tók til máls TF3TF og sagði þessa tillögu úti hött, þar sem margir væru farnir í sumarfrí á þessum tíma, eða kæmu ekki til fundar vegna góðs veðurs. TF5BW sagði að vegna færðar væri oft erfitt fyrir utanbæjarmenn að sækja aðalfund í febrúar. Þó að hann hafi komið á þennan fund hafi það verið vegna sérstakra aðstæðna. Spunnust nokkrar umræður um tillöguna. TF8GX sló fram þeirri breytingartillögu til Brynjólfs hvort hann væri til með að breyta dagsetningu í tillögunni

og hafa hana 15.maí. Var Brynjólfur til með að breyta tillögunni og var hún síðan borin undir atkvæði. Var hún samþykkt mótatkvæðalaust.

Þá var tekin fyrir breytingartillaga á 20.grein. Eftir stutta umræðu dró Brynjólfur hana til baka, verður því fjárhagsárið óbreytt.

Þá var komið kaffihlé og voru veittir gosdrykkir ásamt kaffi og kaffibrauði.

Eftir drygklanga stund var gengið til kosninga stjórnar. Fram kom tillaga um TF3HP sem áframhaldandi formann. Ekki komu fram fleiri tillögur

og samþykkti fundurinn Harald með lófaklappi. Þeir sem ganga áttu úr stjórn voru TF3WOT og TF3VS. Frá nýkjörnum formanni kom sú tillaga um að þeir yrðu endurkjörnir. Var það samþykkt með lófaklappi. Varamenn höfðu verið TF3FK og TF3GC, var

mælst til að þeir yrðu áfram. Það var enn samþykkt með meira lófaklappi.

Fram kom frá TF3KET að orðalaginu “endurskoðandi” þyrfti að breyta í lögum félagsins, þar sem um væri að ræða verndað starfsheiti samkvæmt íslenskum lögum. All algengt nú orðið væri að nota orðalagið “félagslegir skoðunarmenn reikninga”. Var þessi orðalagsbreyting borin undir atkvæði fundarmanna og var það samþykkt af öllum fundarmönnum. Taldi fundurinn því ekki nauðsynlegt að borin væri fram breytingartillaga á þessu, þar sem ekki breyttist meining greinarinnar, aðeins orðalagið. Tillaga kom fram um að þeir TF3DC og TF3FB, sem verið höfðu endurskoðendur, en yrðu nú félagslegir skoðunarmenn reikninga. Var sú tillaga samþykkt. Gjaldkeri lagði til að félagsgjald yrði óbreytt. TF3GW kom með tillögu um að hækka félagsgjaldið í 5000 kr. TF3TF kom með tillögu um 3500 kr. Þá komu

Framhald á síðu 22



Frá aðalfundi ÍRA 28 febrúar 1999. TF3GC og TF3FK. Myndina tók TF3GC

Fundargerðir stjórnarfunda

Stjórnarfundur í ÍRA haldinn 3. feb. 1999 að Gunnarsbraut 36 kl. 21:00.

Allir stjórnarmenn mættir og þar að auki TF3AX.

1. Rætt og skipulagt varðandi námskeið á næstunni. TF3AX hefur tekið nýliðanámskeiðið að sér, bæði fræðilega hlutann og mors.

2. TF3VS vakti athygli á grein Sigfúsar, LA0BX í síðasta CQ TF um kennslumál. Lagði TF3VS síðan til að prófnefnd yrði ritað bréf þar sem mælst yrði til þess að nefndin semdi e.k. efnisyrðilrit yfir það sem ætti að vera í íslenskri kennslubók fyrir amatöra til prófs og yrði þá bæði miðað við gildandi reglugerðir og lög um slík réttindi en einnig reynslu þeirra af því hvað amatörum kæmi vel að kunna. Yrði efnisyfirlitið síðan haft sem grunnur að frekari vinnu við gerð kennsluefnis, bæði frumsamið og þýtt. Samþykkt einum rómi.

3. TF3HP lagði til að þátttakendum á A/T námskeiði yrði boðið uppá smíðaverkefni meðfram námskeiðinu ef þeir vildu og þá helst einfaldur eins bands sendi/móttakari. Myndi það örva þá til að taka mors-hlutann líka og fara í A próf. Samþykkt.

4. TF3WOT og TF3HP sögðu frá för amtöra á fund Ferðaklúbbsins 4x4 þar sem þeir kynntu ÍRA og amatörradíó. Með þeim í för voru TF3TXT, TF3AO, TF3KET og TF3GB. Góður rómur var gerður að máli þeirra og munu einhverjir jeppamenn hafa skráð sig á námskeið í framhaldi af þessu.

5. Bréf hefur borist frá Menntamálaráðuneyti þar sem allur fjárstuðningur til gerðar íslensks kennsluefnis er afsagður og félaginu vísað á Samgönguráðuneyti. Stjórn er staðráðin í að láta ekki deigann síga og mun verða reynt betur síðar.

Fundinum lauk kl. 23:00

Fundargerð ritaði TF3VS

Stjórnarfundur í ÍRA haldinn þann 3. mars 1999 að Gunnarsbraut 36 kl. 20:30

Allir stjórnarmenn mættir.

1. Leifur Guðmundsson TF3LG hefur óskað eftir lausn frá störfum í prófnefnd. Formaður hefur falið formanni prófnefndar að gera tillögu að eftirmanni

hans og fari skiptin fram í vor að loknum þeim verkefnum sem nú eru á dagskrá nefndarinnar.

2. Rætt um fulltrúa ÍRA á þingum amatöra t.d. IARU og var samþykkt einum rómi að fela TF3KB að sjá um slík mál fyrir félagið. Kristján hefur fallist á það og fer hann bæði á þing norrænna amatöra og á svæðisþing í Noregi fyrir okkar hönd.

3. Ritari hefur lagt fram uppkast að bréfi til ÍTR vegna húsnæðismála. Að lestri loknum og tillögu um orðalagsbreytingu er samþykkt að senda bréfið.

4. TF3AO hefur komið sýniskönnu til stjórnar og verðtilboði í merkingar, sbr. kynningu á aðalfundi. Könnurnar sem liggja fyrir þykja of litlar en stærri gerð mun koma eftir örfáar vikur. Samþykkt að bíða eftir því.

5. TF3VS lagði fram möppu til skoðunar sem mætti framleiða með merki ÍRA og afhenda eða selja félögum. Tillaga ritara er að þetta geti orðið vísir að handbók ÍRA og jafnframt geymsla undir CQ TF, en slíkt er brýnna nú eftir að menn taka það rafrænt og prenta á lausblöð hver fyrir sig. Samþykkt að skoða möguleikana og huga að framkvæmdum í haust.

6. Radíóskátar æskja samstarfs og aðstoðar á landsmóti skáta í sumar. Mikill áhugi er á raffræðitengdu verkefni hjá þeim væntanlegum þátttakendum á mótinu sem hafa tekið þátt í könnun og er búið að skipuleggja smíðaverkefni fyrir skátana. Þá er í bígerð að útbúa kynningarbækling, sem gæti verið sameiginlegur fyrir radíóskáta og ÍRA og myndi nýtast áfram. Stjórnin fagnar þessu tækifæri til kynningar í hópi ungs fólks og er samþykkt að styðja verkefnið eftir föngum.

7. TF3RJT hefur afhent borgarskjalasafni þau gögn félagsins sem honum var falið að sjá um og er honum þökkuð rösk framganga. Verða gögnin nú skráð og flokkuð og verða þá auðaðgengileg.

8. Formaður ræddi möguleika á þátttöku amatöra í fjarskiptum tengdum kristnihátíð árið 2000. TF3WOT lagði til að unnið yrði að því að TF-leyfi fæli í sér MARS-CAP tíðnisvið til þessara nota.

9. Skipulögð hefur verið þátttaka í ARRL CQ WW SSB næstu helgi. Þróttheimar eru lokaðir okkur þá helgi, en verktaki við gatnagerð, sem hefur vinnuskúr undir vegg félagsmiðstöðvarinnar hefur verið svo vænn að lána okkur skúrinn um helgina og verða loftnetskaplar og raflagnir færð þangað.

Fundi var slitið kl. 23:00

Fundargerð ritaði TF3VS

Stjórnarfundur í ÍRA haldinn þann 7. apríl að Gunnarsbraut 36.

Fundur hófst kl. 21 og var fullskipaður kl. 22:00.

1. Ritari hefur sótt um að Póst og fjarskiptastofnun haldi amatörpróf í vor. Ekki er hægt að halda við prófdagsetninguna 10. apríl eins og sótt hafði verið um. Prófnefnd mælir með 8. maí og er ritara falið að sækja um það.

2. Prófnefnd leggur til að fyrirkomulagi prófsins verði breytt þannig að þeir sem nái 4 í einkunn hafi staðist nýliðapróf, en 6 þurfi til A/T prófs. Vægi prófsins verði breytt í samræmi við þennan stiga þannig að einkunin 6 verði viðlíka að kröfum og 5 var áður. Ritara falið að beina þessu til PFS.

3. Tilkynnt er um 5 þátttakendur á námskeiði sem hafa staðist nýliðaprófkröfur í morsi. Kennari í því er TF3AX en prófdómari TF3KB.

4. Rætt er um frábrugðnar aðferðir þeim hefðbundni til að prófa í morsi, t.d. munnlegt próf. Ákveðið að beina erindinu til prófnefndar.

5. TF3VS ræddi um möguleika á að koma upp neti leiðbeinenda og stuðningsmanna í ÍRA sem gætu verið fólki í sjálfsnámi og reynslulitlum amatörum til fulltyngis (e. elmer). Lagði hann til að TF3JA yrði beðinn að taka að sér skipulag þeirra mála og væri hann tilleiðanlegur myndi hann auglýsa eftir leiðbeinendum á skrá sem hann gæti síðan beint áhugasömum til. Samþykkt einum rómi.

6. Bréf hefur verið sent til ÍTR vegna húsnæðismála, en ekkert svar hefur enn borist og ekki náðst í forráðamenn þar á bæ til viðræðna.

7. Póstlista hefur verið komið upp í tilraunaskini fyrir þá sem eru á námskeiði. Ef hann reynist vel má reyna að starfrækja slíkan lista fyrir almennar

umræður í félaginu.

8. Ritara hefur borist tölvupóstur frá Bruce Perens, K6BP, en hann er stofnandi No-code samtakanna, en þau hafa á stefnuskrá sinni að kröfur um morskunnáttu til þess að amatörar megi nota HF tíðni verði aflagðar. K6BP verður hér á landi eftir miðjan apríl og býðst hann til að halda fyrirlestur þ. 22 á fimmtudegi í Þróttheimum. Jafnframt spurði hann um almenna afstöðu til morse innan vébanda okkar og hverjar kröfur væru um kunnáttu í þeim efnum. Ritari svaraði honum að bragði og gerði grein fyrir gildandi reglum ásamt því að áhugi á morsi hefði sennilega ekki verið meiri í langan tíma í félaginu, en nú munu yfir 30 félagar vera skráðir á námskeið og/eða verkefni í morskámi. Ákveðið að þiggja boð hans og auglýsa fyrirlesturinn eftir föngum með tölvupósti og annarsstar þar sem tók eru á.

9. Nokkuð af límmiðum með félagsmerkinu hefur komið fram (25-30 stk.) en þau eru ætluð til að líma á bílrúður. Ákveðið að selja merkin á 500 kr.

10. TF3BM hefur lokið smíði á frumgerð lykklara fyrir morskaman, en rásirnar eru komnar til landsins og prentrásir hafa verið gerðar.

11. Ákveðið að auglýsa fjarskiptaferð í Viðey í sumar og fá IOTA númer á hana.

12. Rætt um innheimtu félagsgjalda. Á síðasta aðalfundi var ályktað um að grípa skildi til einhverra ráða til að lækka 30.000 kr. þóknunarkostnað til banka vegna innheimtu félagsgjalda, en það hefur ekki gengið sem skyldi. Gjaldkeri taldi vafamál að hægt væri að spara í þessum efnum þótt félagar sendu greiðslu án gíróseðils til bankans því líkur væru á að þóknun yrði innheimt engu að síður. Fól fundurinn honum að kanna til þrautar hvaða leiðir væru færar í þessum efnum.

Fundi slitið kl. 12:00

Fundargerð ritaði TF3VS

**Gjaldkeri minnir
á félagsgjöldin**

Fréttir úr starfi Radióskáta

Eftir áramót hafa Radióskátar nánast eingöngu verið í undirbúningi fyrir Landsmót skáta sem verður haldið á Úlfhljótsvatni dagana 13.-20. júlí í sumar. Mikill hugur er í mönnum að fara á mótið og skemmta sér saman við leik og störf. Við ætlum að halda uppi dagsskrá sem mun kynna radióamatöra og amatörmennsku gífurlega vel og ef vel tekst til verður þetta ein besta kynning á amatörradíói í áraradír. Það sem við ætlum að bjóða skátum og öðrum á svæðinu (þ.e. fólki í fjölskyldubúðum) upp á er eftirtalið:

Smíði á rafeindagrip

HF talstöðvar í loftinu allan sólarhringinn

Refaveiðar

Packet viðskipti

Kynning á radióamatörum og hvað þeir gera
Smíðapósturinn mun án efa vekja gífurlega athygli og verða mjög spennandi. Þar munu krakkarnir setja saman barmmerki, á því verða átta ljósadíóður sem blikka tvær í einu og minna þannig á vindmyllu. Við í Radióskátum höfum fulla trú á að þetta verði eitthvað sem vekur áhuga krakkanna á því sem radióamatörar eru að dunda við að gera.

Á JOTA í fyrra vakti packetið gífurlega athygli hjá krökkunum, þetta er í þeirra augum annað form af IRCinu sem er að tröllríða Internetinu. Að minnsta kosti tvær tölvur verða í packet viðskiptum innan svæðis á mótinu. Það verður því gaman að fylgjast með krökkunum í packetinu.



Frá skátamóti á Úlfhljótsvatni
TF3TXT vinnur við loftnet

HF og refur eru hefðbundnir póstar hjá okkur á mótum og því gamlir kunningjar fyrir marga krakka. Kynni þeirra við það á undanförunum mótum veldur eflaust þeim mikla áhuga sem krakkarnir hafa á því að koma í smíðju Radióskáta. Og án efa verða það

margir sem stinga inn nefi til að sjá hvað er verið að gera þarna í loftnetalandi Radióskáta.

Auk þessa munu Radióskátar skipuleggja og halda utan um öll fjarskipti á svæðinu. Það að halda eitt landsmót er nefnilega gífurlega stórt verkefni sem ófáir koma að og ansi margt sem huga þarf að. Talstöðvar slógu í gegn á síðasta móti og spöruðu starfsmönnum mótsins spor í kílómetravís svo nú vilja menn nýta sér þennan stórkostlega möguleika



VHF talstöðvanna enn betur. Sett verður upp stjórnstöð og munu Radióskátar með fjarskiptareynslu úr björgunarsveitunum sjá um að manna hana.

Á mótið koma yfir 900 erlendir skátar á aldrinum 12 til 66 ára. Rúmlega hundrað af þeim hafa sótt um í vinnubúðum og þar af eru alla vega fimm radióamatörar!! Ef að líkum lætur er nú ekki ólíklegt að þessi fimm verði meira og minna hjá okkur og með okkur í því sem við verðum að gera.

Við viljum í lok þessa fréttapistils frá Radióskátum minna á að allir radióamatörar eru velkomnir á landsmót, það má finna verkefni fyrir alla. Við ætlum að njóta þess að vera saman út í náttúrunni í vikutíma, hafa gaman af því að kynna undraheima fjarskipta og rafeindatækja fyrir krökkum á öllum aldri og taka þátt í og kynnast skemmtilegu skátalífi. Þeir sem hafa áhuga á að slást í hópinn í skemmri eða lengri tíma hafi endilega samband við undirritaða.

Með skátakveðju. Vala Dröfn Hauksdóttir, TF3VDT/N
Tölvupóstur: konth@skima.is Heimasími 565-9096
GSM 699-1911

Er til leið til að fjölga virkum og áhugasömum amatörum?

Fimmtudaginn 22. Apríl s.l. kom góður gestur til ÍRA í Próttheima. Það var Bruce, K6BP, stofnandi samtakanna No Code International. Samtök þessi vilja afnema morsprófin í því formi sem þau eru í dag. Félagar í þeim eru um 1500 í 36 þjóðlöndum. Heimasíða No Code er www.nocode.org og þar er unnt að skrá sig í samtökin. Um tuttugu ÍRA félagar komu á fundinn og þótti Bruce stórmerkilegt að sitja þarna með um 10% af íslenskum amatörum. Hann taldi sig þurfa töluvert stærra húsnæði fyrir 10% af Bandarískum amatörum. Hér á eftir verður stiklað á því helsta sem kom fram á fundinum og vonandi vekur þetta menn til umhugsunar um það að ekki er allt sjálfsagt í lífinu.

Bruce sagði okkur að í Bandaríkjunum væri amatörum að fækka og að þar væri farið að veita amatörleyfi án morskunnáttu. Internetinu er fyrst og fremst kennt um þessa fækkun og minni áhuga, þar hefur fólk tækifæri til tjáskipta og þarf ekki próf til. Þessi fækkun amatöra veldur því að baráttan um böndin er að þyngjast, fyrirtæki eru farin að verða uppvis af því að nota amatörbönd án þess að fá leyfi og eru þá jafnvel að nota upp í 35 wött. Þá er fyrst og fremst verið að nota böndin til útsendinga á auglýsingaefni af allskyns toga. Swatch gervihnattadæmið er nýjasta atvikið og ætti að vera íslenskum amatörum vel kunnugt.

Hvaða réttlætingu hafa amatörar fyrir því að halda böndunum ef amatörum er að fækka. Hvernig er hægt að sannfæra stjórnvöld um að amatörböndin eigi rétt á sér. Stjórnvöld virðast ekki taka amatöra alvarlega en vita að menntun er mikilvæg. Bruce vildi því meina að amatörar þurfi að einbeita sér betur að því að koma því á framfæri að amatörar eru með menntun og reynslu að baki, þeir þurfa jú að taka próf til að fá leyfi. Amatörar verða að snúa bókum saman gagnvart stjórnvöldum um allan heima og koma fram sem ein heild. Öðruvísi næst ekki árangur.

Amatörar um allan heim horfast í augu við að nýliðun er minni en áður og að amatörum er að fækka. Því er ljóst að ekki má fækka nýliðum með þröngsýni og hindrunum. Mors er skemmtilegt og verður áfram í loftinu en það má ekki vera hindrun í vegi fólks sem hefur áhuga á því að gerast

amatörar. Próf fyrir amatörleyfi eru nauðsynleg segir Bruce, þau eru visst aðhald og gera þeim sem taka þau betur grein fyrir því um hvað málið snýst og hvað það er að fara að vinna með. Allir sem verða amatörar verða að vita eitthvað um loftnet, rafmagnsfræði, siðfræði amatöra og aðra theoríu. Fræðslan er því nauðsynleg áfram. En mors er ekki nauðsynlegur grunnur, það ætti frekar að vera skemmtilegt markmið til að ná, vera æðra talinu og vera þannig eitthvað sem fólk hellir sér út í af eldheitum áhuga. Amatörar eru í dag þeir einu sem nota morsið og það eitt ætti að vera hvati fyrir áhugamenn um fjarskipti til að læra það og nota.

Bruce líkti internetinu við stóra ruslakörfu þar sem engar siðareglur gilda. Amatörar halda hinsvegar fast í samtalsreglur og siðareglur og það er einmitt hluti af námi amatöra. Ungt fólk í dag er ekki heimskt sagði Bruce, það gerir sér grein fyrir að mors er vitleysa sem slíkt en sjá samt líka not fyrir það. Mors getur í huga ungs fólks verið samskipta-leið sem foreldrar skilja ekki! Það er því hægur vandi að vekja áhugann. Radio-sport er mjög vinsælt víða erlendis að sögn Bruce, þ.e. það sem hér á landi kallast refaveiðar. Þróaðar hafa verið ýmsar útfærslur af því, t.d. fimm sendar sem fólk þarf að hlaupa á milli. Haldin er alþjóðleg keppni í slíkri refaleit.

Bruce ræddi líka um börn í amatörmennsku. Sá yngsti til að fá amatörleyfi í Bandaríkjunum var 7 ára! Þegar hann var í grunnskóla þá var amatörklúbbur í skólanum sem einn kennarinn sá um og var búnaður og þekking notað til að kenna eðlisfræði og rafmagnsfræði og kom virkilega vel út. Bruce er að vinna ásamt ARRL að þróun og mótun á efni fyrir börn í amatörmennsku.

Nokkuð fjörugar umræður sköpuðust um málin og að íslenskra amatöra sitt sýndist sitt hverjum. Gullkorn hratt af munnni eins fundarmanna, höfum það lokaorð þessarar umfjöllunar: “Þú kennir ekki neinum neitt, þú aðstoðar hann við að læra!”

Félagatal ÍRA 1999

ÍRA

Íslenskir Radíóamatörar

Pósthólf 1058

121 Reykjavík

Símanúmer talhólfs ÍRA er 881-2158

Formaður ÍRA er TF3HP Haraldur Þórðarson

Heiðursfélagar ÍRA eru



Nafn	Kallmerki	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Tölvupóstur
Ásgeir Magnússon	TF3AB	Silent Key			
Guðjón Einarsson	TF3AC	Fálkagötu 21	107 Reykjavík	551-8857	
Ingi Sveinsson	TF3SV	Efstalundi 6	210 Garðabær	565-6468	
Sveinn Guðmundsson	TF3T	Háteigsvegi 2	105 Reykjavík	551-0907	
Þórhallur Pálsson	TF5TP	Silent Key			
Þorsteinn Gíslason	TF6GI	Silent Key			

Almennir félagar

Nafn	Kallmerki	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Tölvupóstur
Andrés Þórarinnsson	TF3AM	Hjarðarlandi 7	270 Mosfellsbær	566-7190	andres.h@vista.is
Arngrímur Jóhannsson	TF3AD	Leirutanga 6	270 Mosfellsbær	566-6801	
Axel Sölvason	TF3AX	Hraunbæ 44	110 Reykjavík	567-1860	axels@verk.hi.is
Ágúst Bjarnason	TF3OM	Holtubúð 44	219 Garðabær	565-7722	agust@rt.is
Ágúst Guðmundsson	TF3AGN	Austurbrún 24	104 Reykjavík	553-2998	
Ágúst Sverrisson	TF3HW	Melhaga 17	107 Reykjavík	562-6431	
Árni S. Jóhannsson	TF3OKT	Hléskógum 21	109 Reykjavík	567-0315	
Ársæll Óskarsson	TF3AO	Lækjarsmára 78	200 Kópavogur	564-5760	aosk@islandia.is
Ásbjörn Harðarson	TF3LA	Ásgarði 101	108 Reykjavík	553-3044	
Ásgeir H. Sigurðsson	TF3TV	Stapaseli 9	109 Reykjavík	551-2337	
Baldur Þorgilsson	TF3BP	Eskihlíð 22 A	105 Reykjavík	552-2343	
Baldvin Þórarinnsson	TF3-033	Þórsmörk	210 Garðabær	555-0608	
Bárður Gunnarsson	TF5BG	Lyngholti 6	603 Akureyri	462-1033	bardur@nett.is
Benedikt Guðnason	TF3TNT	Snælandi 8	108 Reykjavík	553-4679	
Benedikt Sveinsson	TF3BNT	Háteigsvegi 2	105 Reykjavík	551-0907	bz@nyherji.is
Bergur Axelsson	TF3BX	Hraunbæ 198	110 Reykjavík	567-2108	
Bernharð M. Svavarsson	TF3BS	Skálagerði 15	108 Reykjavík	553-9032	
Birgir Baldursson	TF3BB/OZ1LVD	Hasselvenget 12	DK 2680 Solerød Strand		Danmark
Bjarki Brynjarsson	TF3TT	Boðaslóð 20	900 Vestmannaeyjar		
Bjarni Halldór Alfreðsson		Stórholti 33	105 Reykjavík		
Bjarni Magnússon	TF3BM	Melbæ 5	110 Reykjavík	557-5653	bjarnim@iads.is
Bjarni Sverrisson	TF3GB	Hnjúkaseli 4	109 Reykjavík	557-8293	tf3gb@islandia.is
Bragi Reynisson	TF3BRT	Þorfinnsgötu 12	101 Reykjavík	551-1856	bragi@itn.is
Brynjólfur Jónsson	TF5BW	Pósthólf 121	602 Akureyri	462-3058	tf5bw@nett.is
Daníel E. Gunnlaugsson	TF3BCT	Fornuströnd 1	170 Seltjarnarnes	561-6559	danielg@simi.is
Eggert Steinsen	TF3AS	Furugrund 44	200 Kópavogur	554-1857	eggerts@mmedia.is
Elías H. Árnason	TF3AEN	Kaplaskjólsvégi 58	107 Reykjavík	552-4013	
Erling Guðnason	TF3EET	Álftamýri 14, 4.hv.	108 Reykjavík	568-7781	erling@centrum.is
Eysteinn F. Arason	TF3EF	Hverfisgötu 6	220 Hafnarfjörður	555-4435	
Friðrik Ágúst Pálmason	TF8FP	Garðbraut 47	250 Garður	422-7050	kristjv@centrum.is
Friðrik Kristjánsson	TF3FK	Einarsnesi 42 A	101 Reykjavík	552-6132	
Gísli G. Ófeigsson	TF3US	Reynimel 82	107 Reykjavík	562-2129	

Nafn	Kallmerki	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Tölvupóstur
Gísli Páll Jónsson		Laugategi 30 kj.	105 Reykjavík	896-2468	
Guðjón H. Egilsson	TF3WOT	Seiðakvísl 8	110 Reykjavík	567-6817	gudjonhe@treknet.is
Guðlaugur Ingason	TF3GN	Efstalundi 3	210 Garðabær	565-6046	
Guðlaugur K. Jónsson	TF8GX	Sólvöllum-Bergi	230 Keflavík	421-5040	tf8gx@its.is
Guðmundur Daði Haraldsson		Foldahrauni 38 A	900 Vestmannaeyjar	481-2447	gdh@simnet.is
Guðmundur Gunnarsson	TF3GG	Suðurvhammi 6	220 Hafnarfjörður	565-3336	
Guðmundur Gústafsson	TF3-068	Rauðalæk 34	105 Reykjavík	553-1331	
Gunnar Ó. Magnússon	TF3GPT	Hörgslundi 3	210 Garðabær	565-6202	
Gunnar Óskarsson	TF3FB	Asparfelli 6	111 Reykjavík	557-2532	gunnar@simi.is
Gylfi Sveinsson	TF3-042	Flatahrauni 29	220 Hafnarfjörður	554-2613	
Halldór Christensen	TF3GC	Móaflöt 8	210 Garðabær	565-7354	
Halldór Heiðar Sigurðsson		Nönnugötu 12	101 Reykjavík	552-9391	
Halldór Karl Högnason	TF3DKT	Selbrekku 17	200 Kópavogur	564-1936	hkh@kerfi.hi.is
Hans Konrad Kristjánsson	TF3FG	Borgarholtsbraut 1	200 Kópavogur	554-1612	
Haraldur Sigurðsson	TF3A	Miðvangi 159	220 Hafnarfjörður	565-3330	haraldurs@isholf.is
Haraldur Þórðarson	TF3HP	Gunnarsbraut 36	105 Reykjavík	552-0157	hartor@rhi.hi.is
Haraldur Þráinsson	TF3TRT	Tjarnarseli 2	109 Reykjavík	557-3175	
Haukur Jóhannesson	TF3FF	Skjólbraut 15	200 Kópavogur	554-3522	
Haukur Konráðsson	TF3HKT	Kambsvegi 7	104 Reykjavík	568-5212	haukur@raf.is
Haukur Nikulásson	TF3HN	Austurbrún 30	104 Reykjavík	897-2529	haukur@vortex.is
Heimir S. Jónasson	TF3TXT	Sólheimum 25	104 Reykjavík	553-0524	heiri@itn.is
Heimir Þór Sverrisson	TF3ANT	Dalalandi 14	108 Reykjavík	568-0075	
Hermann Georg Karlsson	TF3KC	Digranesheiði 27	200 Kópavogur	554-2608	
Hilmar Ánason	TF6RXN	Silvurbraut 37	780 Höfn	478-1337	
Hrafnhildur Björnsdóttir		Krummahólum 6	111 Reykjavík	557-7167	
Hörður Sverrisson	TF3-040	Brekkuhvammi 16	220 Hafnarfjörður	555-3542	
Hörður V. Hilmarsson	TF8FRT	Heiðarbrún 41	810 Hveragerði	483-4794	
Höskuldur Elíasson	TF3RF	Álftamýri 2	108 Reykjavík	553-0147	hoski@isholf.is
Ingimundur Björgvinsson	TF3-005	Ofanleiti 25	103 Reykjavík	568-5801	ingibj@mmedia.is
Ingvar Eggertsson Ísdal	TF3-069	Haðarstíg 20	101 Reykjavík	552-7525	
Ívar Magnússon	TF3IM	Hlíðarvegi 18	200 Kópavogur	554-3442	
Jakob Geir Kolbeinsson		Pósthólf 101	235 Keflavíkurflugv.	564-3319	
Jakob Helgason	TF3EJ	Hæðarbyggð 25	210 Garðabær	565-7360	jm@itn.is
Jóhann Friðriksson		Strembugötu 22	900 Vestmannaeyjar	481-1642	eyglob@ismennt.is
Jóhann G. Sigfússon	TF3GSN	Stallaseli 6	109 Reykjavík	557-7802	
Jóhann Grétar Einarsson	TF6GE	Hafnargötu 4	710 Seyðisfjörður	472-1110	
Jóhann Hákonarson		Frostaskjól 23	107 Reykjavík	552-3321	
Jóhann Zoega	TF6JZ	Miðgarði 20	740 Neskaupstaður	477-1154	zoega@ismennt.is
Jóhannes Andri Kjartansson		Lækjarfít 2	210 Garðabær	565-2806	
Jóhannes Borgfjörð Birgisson	TF3-007	Álfhólsvegi 129	200 Kópavogur	554-1821	
Jóhannes Rögnvaldsson	TF3DAT	Smárarima 76	112 Reykjavík	567-0743	
Jón Børkur Ákason	TF9JCN	Reykjamörk 16	810 Hveragerði	552-2813	
Jón G. Bergsson	TF3JX	Engihjalla 9 íb.10D	200 Kópavogur	554-3036	
Jón Ingvar Óskarsson	TF1JT	Látraströnd 5	170 Seltjarnarnes	587-0550	
Jón Ívarsson	TF3AVT	Fálkagötu 8	107 Reykjavík	562-1431	
Jón M. Brynleifsson	TF3JRT	Breiðvangi 36	220 Hafnarfjörður	565-3614	j.magnus@isholf.is
Jón Þóroddur Jónsson	TF3JA	Breiðuvík 2	112 Reykjavík	567-0047	jonth@simnet.is
Jónas Bjarnason	TF3JB	Hvanneyri	311 Borgarnes		bjamason.hagtjonusta@isholf.is
Jónas Friðgeirsson	TF3JFT	Tjarnarbóli 8	170 Seltjarnarnes	561-2527	mrboho@isholf.is
Jökull Jóhannsson		Akurholti 9	270 Mosfellsbær	566-7169	
Karl Sigurðsson	TF3-073	Reykjabraut 6	815 Þorlákshöfn	483-3683	
Kjartan Guðmundsson	TF3KKT	Urriðafossi	801 Selfoss	486-5657	diesel@itn.is
Kjartan H. Bjarnason	TF3BJ	Bæjargili 115	210 Garðabær	565-7351	kjartan@tm.is
Kolbeinn Sverrisson	TF3KST	Vesturgötu 17 A	101 Reykjavík	551-9242	tf3kst@islandia.is
Konráð Þórisson	TF3KET	Goðatúni 5	210 Garðabær	565-9096	konth@skima.is
Kristinn Andersen	TF3KX	Austurgötu 42	220 Hafnarfjörður	555-0028	kiddi@marel.is
Kristinn V. Daníelsson	TF8KD	Steinahlíð 1 C	603 Akureyri	461-1675	
Kristján Benediktsson	TF3KB	Barmahlíð 55	105 Reykjavík	551-8972	tf3kb@amsat.org
Kristján Magnússon	TF3KM	Unnarbraut 28	170 Seltjarnarnes	562-2733	

Nafn	Kallmerki	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Tölvupóstur
Kristþór Borg Helgason	TF3TF	Pósthólf 1504	121 Reykjavík	566-7226	
Lárus Baldursson	TF3LB	Hamraborg 34	200 Kópavogur	897-5418	larusb@itn.is
Lárus Frans Guðmundsson	TF3LFT	Furugrund 68	200 Kópavogur	564-4646	larus@tal.is
Lárus Hjalti Ásmundsson		Dalhúsum 73	112 Reykjavík	567-1953	laruse@hotmail.com
Leifur Guðmundsson	TF3LG	Bauganesi 31	101 Reykjavík	552-4199	
Loftur E. Jónasson	TF3LJ	Njörfasundi 37	104 Reykjavík	568-3586	loftur@simi.is
Matthias Hagvaag	TF3-035	Sogavegi 216	108 Reykjavík	554-5204	mattiah@centrum.is
Oddur Rúnar Oddsson	TF3OO	Safamýri 34	108 Reykjavík	561-1572	
Ólafur Engilbertsson	TF3SO	Stararima 59	112 Reykjavík	587-3420	
Ólafur Þórir Guðjónsson	TF3MXN	Ánalandi 6	108 Reykjavík	568-1517	
Ómar S Jónsson	TF3-057	Pósthólf 1029	121 Reykjavík	562-4527	
Óskar Sverrisson	TF3DC	Goðalandi 20	108 Reykjavík	588-3151	oskar@kpmg.is
Reidar J. Óskarsson	TF8-004	Rafnkeilsstaðavegi 8	250 Garður	422-7213	
Reynir H. Stefánsson	TF6-005	Holtagötu 3	730 Reyðarfjörður	474-1182	
Robert Harry Jonsson	TF3RB	Köttluelli 5	111 Reykjavík	587-9967	tf3rb@isholf.is
Rúnar Þór Valdimarsson	TF3RJT	Sogavegi 54	108 Reykjavík	581-3276	runarth@isholf.is
Sigurður Eggert Davíðsson	TF5-252	Grænumýri 2	600 Akureyri	462-6768	
Sigurður Harðarson	TF3WST	Langagerði 86	108 Reykjavík	568-4440	
Sigurður R. Jakobsson	OZ/TF3CW	Parkvenget 13	DK-8310 Tranberg, Danmark		TF3CW@image.dk
Sigurður Smári Hreinsson	TF8SM	Melbraut 17	250 Garður	422-7109	
Sigurgeir Jóhannsson	TF7-001	Túnhvammi 9	220 Hafnarfjörður	555-4537	sigjoh@tv.is
Sigurjón F. Jónsson	TF3SC	Otrategi 38	105 Reykjavík	553-5571	sfj@itn.is
Stefán Arndal	TF3SA	Vesturhólum 15	111 Reykjavík	557-3230	
Stefán E. Sigurðsson	TF3-029	Skipasundi 88	104 Reykjavík	553-7434	
Stefán Þórhallsson	TF3S	Engihlíð 16	105 Reykjavík	561-1064	nenni@isholf.is
Steingrímur Sigfússon	TF3SZ	Drápuhlíð 2	105 Reykjavík	552-7068	steinis@simnet.is
Steinn Jóhannesson	TF3-053	Nönnugötu 16	101 Reykjavík	561-9078	
Sveinbjörn Jónsson	TF3VET	Öldugranda 1	107 Reykjavík	552-8873	ve@itn.is
Sverrir Helgason	TF3FM	Brúnalandi 20	108 Reykjavík	553-7596	
Sæmundur E. Þorsteinsson	TF3UA	Kolbeinsmýri 14	170 Seltjarnarnes	561-7017	saemi@simi.is
Tómas Gunnarsson	TF3TG	Fífuseli 39	109 Reykjavík	567-0117	tomass@isholf.is
Valdimar Einarsson	TF3VR	Pósthólf 12006	132 Reykjavík	567-1953	
Valimar Tryggvason	TF3VA	Álmholti 8	270 Mosfellsbær	566-6597	
Valtýr Einarsson	TF3-030	Víðimel 43	107 Reykjavík	562-1919	valtyre@simnet.is
Vilhjálmir Í. Sigurjónsson	TF3VS	Digranesvegi 18 A	200 Kópavogur	564-1292	vilhj@vortex.is
Vilhjálmur Þór Kjartansson	TF3DX	Silungakvísl 10	110 Reykjavík	567-4013	villik@rhi.hi.is
Völundur Jónsson	TF5VJN	Hamraborg 26	200 Kópavogur	554-6075	
Yngvi Harðarson	TF3YH	Háaleitisbraut 115	108 Reykjavík	568-4789	hardy@consulting.is
Þorkell Gunnarsson	TF3AA	Gnoðarvogi 32	104 Reykjavík	553-6157	
Þorkell Magnússon	TF3BIT	Engjahlíð 3 A	220 Hafnarfjörður	552-3307	
Þorvaldur Bjarnason	TF3TBT	Langholtsvegi 180	104 Reykjavík	568-5132	
Þorvaldur Stefánsson	TF1MM	Weizmann 34	22100 Nahariya Isralel		tf1mm@bigfoot.com
Þorvaldur Sveinbjörnsson	N1TF	5 Rustic Ln.	Plaistow, NH 03865, U.S.A.		
Þór Friðriksson		Faxastíg 33	900 Vestmannaeyjar		
Þór Þórisson	TF3GW	Rósarima 5 íb.0203	112 Reykjavík	587-2528	thorth@simi.is
Þórarinn Ágústsson	TF5TAT	Pósthólf 55	602 Akureyri	462-5361	thorarinn@nett.is
Þórarinn Benediktz	TF3TZ	Álfalandi 11	108 Reykjavík	567-9396	
Þórður Ívarsson	TF3PXT	Hryggjarseli 3	109 Reykjavík	557-4539	
Ægir Bessason	TF3CB	Þrúðvangi 2	220 Hafnarfjörður	555-1157	
Örn Sæmundsson	TF6ZZ	Helgalandi 1	270 Mosfellsbær		
Örnólfur Hall	TF3AH	Espigerði 2	108 Reykjavík	568-1619	

Nú er Félagatal ÍRA og Radióskáta fylgirit CQ TF í Þriðja sinn. Það er einnig sett upp þannig í þetta skipti að hægt er að kippa því út úr blaðinu án þess að nokkuð annað efni fylgi.

Enn einu sinni eru félagar hvattir til að skoða sína skráningu og koma leiðréttingum á

framfæri við stjórn og ritstjóra.

Ritstóri vill þakka fyrir viðbrögðin við spurningunum sam varpað var fram með síðasta félagatali en enginn svör bárust við þeim.

Ritstjóri TF5BW

Félagatal Radióskáta 1999



Radíóskátar TF3BIS

Snorrabraut 60, 3. hæð

105 Reykjavík

Sími 552-6655

Formaður Radióskáta er TF3KET Konráð Þórisson

Nafn	Kallmerki	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Tölvupóstur
Andrés Þórarinnsson	TF3AM	Hjarðarlandi 7	270 Mosfellsbæ	566-7190	andres.h@vista.is
Atli Bachmann		Kringlunni 61	103 Reykjavík	550-7160	atlibb@simnet.is
Árni Árnason		Heiðarholti 22	230 Keflavík	421-6899	
Bragi Reynisson	TF3BRT	Lindarseli 4	109 Reykjavík	557-3430	bragi@itn.is
Daníel Eyþór Gunnlaugsson	TF3BCT	Fornuströnd 1	170 Seltjarnarnes	561-6559	danielg@simi.is
Einar Örn Arnarson		Faxastíg 45	900 Vestmannaeyjar		
Eulogia Medico (Yollie)		Lindarseli 4	109 Reykjavík	557-3430	
Guðjón Helgi Egilsson	TF3WOT	Seiðakvísl 8	110 Reykjavík	567-6817	gudjonhe@treknet.is
Guðmundur Daði Haraldsson		Foldahrauni 38 A	900 Vestmannaeyjum		godhhh@eyjar.is
Halldór Christensen	TF3GC	Móaflöt 8	210 Garðabær	565-7354	
Haraldur Þórðarson	TF3HP	Gunnarsbraur 36	105 Reykjavík	552-0157	hartor@rhi.hi.is
Haukur Konráðsson	TF3HKT	Kamsvegi 7	104 Reykjavík	568-5212	haukur@raf.is
Heimir S. Jónsson	TF3TXT	Sólheimum 25	104 Reykjavík	553-5212	heiri@itn.is
Ívar Hauksson		Austurbergi 10	111 Reykjavík	862-5056	
Jóhanna Konráðsdóttir	TF3JKT	Seiðakvísl 8	110 Reykjavík	567-6817	joka@rsp.is
Jónas Friðgeirsson	TF3JFT	Tjarnarbóli 8	170 Seltjarnarnes	561-2527	mrboho@isholf.is
Jóhann Friðriksson		Strembugötu 22	900 Vestmannaeyjar		eyglob@ismennt.is
Kjartan Guðmundsson	TF3KKT	Urriðafossi	801 Selfoss	486-5657	diesel@itn.is
Kolbeinn Sverrisson	TF3KST	Vesturgötu 17 A	101 Reykjavík	551-3752	tf3kst@islandia.is
Konráð Þórisson	TF3KET	Goðatúni 5	210 Garðabær	565-9096	konth@skima.is
Kristján Meekósta		Heiðarbakka 9	230 Keflavík	421-4420	
Lárus Frans Guðmundsson	TF3LFT	Furugrund 68	200 Kópavogi	564-4646	larus@tal.is
Lárus Hjalti Ásmundsson		Dalhúsum 73	112 Reykjavík		laruse@hotmail.com
Málfríður Haraldsdóttir	TF3FHT	Gunnarsbraut 36	105 Reykjavík	552-0157	
Mikkjal Agnar Þórsson		Torfufelli 28	111 Reykjavík		
Ólafía Jónatansdóttir		Kamsvegi 7	104 Reykjavík	568-5212	olafiajo@rhi.hi.is
Páll Arnar Georgsson		Áshamri 75 3F	900 Vestmannaeyjar	481-1780	stanley@eyjar.is
Rúnar Þór Valdimarsson	TF3RJT	Sogavegi 54	108 Reykjavík	588-7190	runarth@isholf.is
Sigurður Harðarson	TF3WST	Furugrun 50	200 Kópavogur	568-4440	
Sveinbjörn Jónsson	TF3VET	Öldugranda 1	107 Reykjavík	552-8873	ve@itn.is
Vala Dröfn Hauksdóttir	TF3VDT	Goðatúni 5	210 Garðabær	565-9096	vad@eimskip.is
Viðar Einarsson	TF3VIT	Asparlundi 5	210 Garðabær	565-6316	
Þór Þórisson	TF3GW	Rósarima 5 íb.0203	112 Reykjavík	587-2528	thorth@simi.is
Þór Friðriksson		Faxastíg 33	900 Vestmannaeyjar		

Opið hús er hjá Radióskátum á þriðjudagskvöldum frá kl. 20.30 til ????????????????

Ef einhver þarf að ná í okkur þá er hægt að hafa samband við Konráð Þórarinnsson í síma 565-9096 eða Rúnar Valdimarsson í sím 588-7190

Eru radióamatörar í útrýmingarhættu og er Morse ástæðan?

Því miður held ég að eitthvað geti verið til í fyrri hluta spurningarinnar en mín skoðun er sú að svarið við seinni hlutanum sé nei.

En hver er þá ástæðan??

Er það vegna þess að auknir samskiptamöguleikar með tilkomu Internetsins gera mönnum kleyft að hafa samskipti við aðra hvar sem er í heiminum með því einu að kaupa sér tölvu og netaðgang og tengja tölvuna við síma og þar með ertu komin á stað?? Ekkert morse próf, engin rafmagns og radiófræði próf og engin reglugerðar próf. Eða er það vegna þess að sú kynslóð sem nú er að vaxa úr grasi og einn ágætur handboltamaður kallaði cocopuffs kynslóðina nennir ekki að leggja á sig það sem þarf til að verða radióamatör??

Gæti verið og þó?

Gæti ástæðan verið sú að við, “þessir gamlingjar”, sem erum í þessu í dag kynnum áhugamálið ekki á réttan hátt?

Liggur ekki hundurinn grafinn þar?

Vaknar nú ekki ein spurning í viðbót sem er “Hvað er Amatörradíó?”

Er amatörradíó eingöngu það tala við Jóa í Ástralíu eða Sigga í Grafarvoginum?

Ég held ekki. Og ef svo væri og hefði verið frá upphafi væri amatörradíó ekki til í dag.

Amatörradíó er að mínu áliti miklu meira en það að tala við einhvern einhversstaðar og ég efast um að það séu mörg áhugamál sem spanna jafn víðfeðmt svið og þetta áhugamál okkar.

Sumir hafa áhuga fyrir smíðum á allskyns tækjabúnaði sem þarf til þess að komast í loftið þó að það sé ekkert aðalatriði fyrir þá að hafa helling af samböndum og þegar smíðinni er lokið þá er tekið til við að smíða eitthvað annað.

Aðrir hafa áhuga fyrir tölvufjarskiptum og hafa öll sín sambönd á þann hátt.

En aðrir hafa gaman af því að spjalla við aðra amatöra, vítt og breytt um heiminn, um málefni sem tengjast áhugamálinu eða bara um daginn og veginn. Sumir hafa áhuga fyrir því að safna löndum eða samböndum við ákveðin svæði sem síðan eru notuð til að sækja um allskonar awörd og diplómur.

Gleymum ekki gervitunglasamböndunum.

Síðast en ekki síst er það félagsskapurinn. Margra

ánægjulegra stunda minnst maður frá heimsóknum annarra amatöra til manns, jafn innlendra sem erlendra, og heimsóknum til annarra amatöra og í félagsheimilið hvar sem það hefur verið á hverjum tíma. Hér hefur þó aðeins fátt eitt verið talið. Allt þetta þarf að gera áhugaverðara og sýna fram á að meira sé í amatörradíó spurnið en það að sitja eingöngu fyrir framan tölvu og nota spjallrásirnar á netinu, þó það sé ágætt með.

En þá aftur að upphafinu. Er Morse að drepa amatörradíó og er ástæða til að leggja það niður sem kröfu til amatörprófs?? Er erfiðara að læra morse en rafmagns og radiófræði?? Hvers eiga þeir að gjalda sem eiga auðvelt að læra morse en eru í vandræðum með fræðin?? Á þá ekki að leggja niður fræðilega hluta prófsins fyrir þá en láta viðkomandi taka bara morsepróf í staðinn?? Hvar endar þessi vitleysa eiginlega?? Til þeirra sem segja “ég get ekki lært morse” er mitt svar “BULL” það geta allir eða nánast allir lært morse. Vilji er allt sem þarf. Ef farið er af stað í námið með því hugarfari að “ég get þetta ekki”, “þetta er leiðinlegt, “til hvers er ég að þessu” þá sjá allir hver niðurstaðan verður. Viðkomandi lærir aldrei morse. Ef hugarfarið er aftur á móti “ég ætla mér að læra þetta” eða “ég skal læra þetta” þá er björninn unnin.

Minn ferill í amatörradíói hófst opinberlega með nýliðaprófi, sem var að fyrsta sem haldið var utan Reykjavíkur. Við vorum þrír sem tókum það próf og Villi TF3DX gerði sér ferð norður til Akureyrar, ásamt konu sinni, til að prófa okkur. Nú við stóðumst prófið en gerðum síðan þá vitleysu að sem smíða-verkefni þá smíðuðum við 80m sendiviðtæki sem ekki kom að miklum notum nema til sambanda hver við annan. Gáfulegra hefði verið að smíða eitthvað sem hefði gengið á 15m og gefið okkur möguleika á samböndum erlendis. Einn okkar smíðaði seinna 15m sendi sem nýttist honum til þeirra hluta og frekari þjálfunar í morsi. Í byrjun árs 1980 tókum við síðan, ásamt tveim öðrum A próf, sem var fyrsta A prófið sem haldið var utan Reykjavíkur, en varð að vísu að T leyfi fyrir alla nema einn (þennan sem hafði smíðað 15m sendinn) þar sem við hinir stóðumst ekki morse prófið.

Stöðugt var suðað í manni að hundskast nú til að taka þetta morse próf en það var látið sem vindur um eyru þjóta. En á fyrrihluta árs 1983 tók ég þá ákvörðun að nú gengi þetta ekki lengur og nú skyldi ég læra morse. Takið eftir ég sagði ekki við sjálfan mig “ég ætla að reyna að læra morse” heldur “ég skal læra morse”. Það er regin munur á þessu tvennu.

Ekki hafði maður úr fjölda tölvuforrita að velja til að hjálpa sér við námið og átti raunar ekki tölvu á þeim tíma. Námið fólst í því að hlusta á tvær segulbandsspólur með morsi sem, eins og svo margt fleira í morse málum á þeim tíma og enn í dag, voru ættaðar frá Kristjáni Benediktssyni, TF3KB. Nú námið varð að fastri rútínu sem var þannig að þegar komið var heim úr vinnu þá var sest niður fyrir framan segulbandstækið og hlustað og skrifað í 5–10 mínútur. Einstaka sinnum var tekin önnur æfing um kvöldið. En athugið að engum degi var sleppt úr. Ýmsir þröskuldar urðu á veginum á leiðinni að takmarkinu en með þrautseigju voru þeir allir yfirstignir. Árangurinn?? Jú hann var sá að sex mánuðum seinna glansaði ég, ekki aðeins í gegnum A prófs morsið, heldur C prófs morsið einnig. Það eina sem varð mér til vandræða í prófunum var ekki kunnáttuleysi heldur stress sem varð það mikið undir lok A prófsins að ég gat varla skrifað. Þannig að eins og ég sagði hér áður “Vilji er allt sem þarf”.

Hitt er svo annað mál að eftir að B leyfi fékkst, eftir 6 mánuði á A leyfi, hef ég ekki notað morse en á örugglega eftir að gera það einhvern tímann seinna. Hugsanleg ástæða fyrir þessu morseleysi mínu gæti verið sú að ég hef aldrei haft neinn sérstakan áhuga fyrir morsi þetta var aðeins þröskuldur sem þurfti að yfirstíga til að ná amatörprófi og fá leyfi. Ég er jafnframt nánast viss um að ef A leyfis mánuðirnir hefðu verið 12 en ekki 6 þá stæði þetta öðruvísi í dag. Eftir 6 mánuði var maður að byrja að geta haft samband á morsi sæmilega skammlaust og án þess að svitna í lófunum og 6 mánuðir til viðbótar hefðu sennilega bjargað málinu. Ég held ég verði þó að láta það fylgja hér að nánast örugglega hefði ég ekki verið sammála þessu á þeim tíma.

Hvað er þá til bragðs? Ýmsar hugmyndir hafa verið á lofti og munu nokkrar viðraðar hér. Hvernig væri t.d. að auka það afl og fjölga þeim tíðnisviðum sem nýliðar mega nota, minnka morse hraðann í upphafi

en menn verði síðan að taka fullan hraða innan einhvers ákveðins tíma, leyfa nýliðum og A leyfishöfum að nota talmótum t.d. á 10m (nú rísa hárin á einhverjum), minnka morse hraðann fyrir A próf niður í t.d. 40 stafi en taka upp einhverjar aðrar kröfur í staðin, fella morse algerlega út úr amatörprófi (og nú stendur hárið beint út í loftið), taka tölvufjarskipti inn í prófkröfur og svo mætti lengi telja.

Þessar hugmyndir eru ekkert frekar mínar en annarra. Því fyrir sem við gerum okkur grein fyrir því að breytinga er þörf því betra.

Gamla íhaldshugsunin gengur ekki lengur. Mér kemur í huga atriði úr gömlum skemmtiþætti um stjórnmalamenn þar sem ein setningin hljóðaði svo “Í mínum flokki ekkert brast þar er allt saman fúíð fast”.

Á þetta kannski við um okkur í dag og að í okkar röðum sé allt saman fúíð fast og engu hægt að breyta.

Og ef svo er getum við þá ekki farið að panta prestinn og ákveða jarðarförina fljótlega.

Þessi umræða er í raun komin af stað með störfum prófanefndar að nýrri reglugerð og bíð ég spenntur eftir þeirra hugmyndum.

Ég held að vísu að það þurfi að ræða þessi mál frekar innan félagsins og komast að einhverri niðurstöðu. Hvernig væri t.d. að halda eina þrjá félagsfundi með prófanefnd þar sem framtíð amatörradíós á Íslandi og reglugerðin væri eina umræðuefnið og þannig reynt að ná til sem flestra.

Vonandi hrærir þetta aðeins upp í mönnum, allar hugmyndir eru vel þagnar og það er nóg pláss í blaðinu.

73 de TF5BW

ÍRA Merki

Nokkur stykki af merki félagsins til límingar innan á bílrúður hafa fundist.

Mun meirihlutin vera hvítur með svörtum útlínum, sem eru, ef munað er rétt, gömul afmælimerki ÍRA en einnig eru nokkur af þessum svörtu hefðbundnu.

Merkin eru til sölu hjá formanni ÍRA TF3HP og kosta 500.00 kr. stykkið

Ársreikningar ÍRA 1998

Efnahagsreikningur 31. desember 1998

Eignir:

	1998	1997
Bankainnistæður	171.709	142.463
Verðbréfaeign	344.000	320.480
Áhöld, tæki, húsbúnaður	529.451	359.451
	<u>1.045.160</u>	<u>822.394</u>
Eignir samtals	<u>1.045.160</u>	<u>822.394</u>

Skuldir og eigið fé

Skuldir:

Skuld vegna tækjakaupa	175.004	5.004
------------------------------	---------	-------

Eigið fé:

Höfuðstóll frá fyrra ári	817.390	732.600
Tekjur umfram gjöld ársins	52.766	84.790
	<u>870.156</u>	<u>817.390</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>1.045.160</u>	<u>822.394</u>

Rekstrarreikningur ársins 1998

Tekjur:

Innborguð félagsgjöld (87+12)	279.000	250.500
Framlög félagsmanna vegna endurvarpa	105.000	
Vaxtatekjur	<u>25.203</u>	<u>25.103</u>
	<u>409.203</u>	<u>275.603</u>

Gjöld:

Ljósritun, pappír, póstkostnaður	110.432	84.684
Rekstur félagsstöðva	45.519	16.926
IARU gjald	21.897	0
Fundir, móttaka gesta og fl.	9.910	24.182
Greitt vegna endurvarpa	140.000	
Kostnaður vegna gíróseðla og þjónustugjöld til banka	28.679	
Önnur gjöld	0	<u>65.021</u>
	<u>356.437</u>	<u>190.813</u>

Tekjur umfram gjöld	<u>52.766</u>	<u>84.790</u>
----------------------------------	----------------------	----------------------

Reikningar ÍRA eru birtir hér aftur þar sem þeir voru lagðir fram í öðruvísi formi á aðalfundi en þeir voru birtir í síðasta blaði. Niðurstöðutölur eru hinsvegar þær sömu. Ritstj. TF5BW

Amatörnámskeið haldið í upphafi árs 1999

Í vetur hefur verið gangi námskeið fyrir verðandi amatöra. Námskeiðið hófst þann 16. febrúar og

skeiðið með aðstoð frá Halldóri Karlssyni og Kristni Andersen, TF3KX.



Við settum okkur það markmið í upphafi að koma námsefninu jafnóðum á netið en það hefur ekki alveg gengið eftir en er þó í þokkalegum gangi og ætti að takast áður en næsta námskeið hefst í byrjun næsta vetrar. Ef menn láta ekki deigan síga gæti þessi tilraun verið upphafið að fullkomnu kennsluefni fyrir amatöra á íslensku á netinu. Öll hjálp við þetta væri væri vel þegin og auglýsi ég því hér með eftir sjálfboda-

liðum til að aðstoða við þetta netverkefni, því fleiri sem koma að því þeim mun minna álag á hvern og einn. Ég vil sérstaklega þakka einum amatör sem hefur sent mér efni á íslensku, Bjarna Sverrissyni, TF3GB. Ýmsir aðrir hafa verið mjög hjálplegir bæði hérlendis og erlendis og mun ég þegar upp verður staðið frá þessu geta þeirra allra skilmerkilega og því er ennþá opið tækifæri fyrir þá sem vilja komast á þann lista. Kennsluefnið hefur verið í samræmi við gildandi reglur um amatörleyfi frá 1981 með síðari breytingum en væntanlega eru á leiðinni nýjar reglur með nýjum áherslum eins og er að gerast annarstaðar í heiminum og er þá ekki mikið mál að aðlaga efnið að þeim breytingum.

stendur til prófdags 8. maí. Kennslan fer fram í húsi Háskólans við Hjarðarhaga milli átta og tíu á kvöldin, stundum lengur. Kennst hefur verið tvisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum. Hver kennslutími byrjaði með hálf tíma morsekennslu en núna undir það síðasta hefur morsekennslan sem Axel Sölvason, TF3AX, sér um staðið í klukkustund. Á eftir morsekennslunni hefur verið kennsla í radiófræðum sem ýmsir hafa komið að. Sá sem þetta skrifar tók að sér að sjá um og skipuleggja nám-



skipuleggja ákveðna smíðadaga þar sem allir koma saman og smíða sendinn og jafnvel viðtæki líka.

Ekki er úr vegi að fjalla hér nokkuð um framtíð



Haukur Þór og Hrafnkell

amatörmennskunnar því nýir amatörar í einhverjum mæli verða ekki til nema í gegnum námskeið og félagsstarf. Það er mitt mat að vinna verði hörðum höndum að því að fjölga amatörum á næstunni ef þetta áhugamál á að lifa af þær breytingar sem eru að verða í heiminum um þessar mundir. Fjöldi amatöra á Íslandi frá upphafi eða með öðrum orðum á þessari öld sem nú er að renna sitt skeið til enda



Bergur

er ekki nema um fjórðungur úr þúsundi eða um 250 manns. Þar af eru virkir kannski um 30 amatörar í dag og varla það. Þetta eru að mínu mati tíu sinnum færri amatörar en ættu og þyrftu að vera hér á landi til að amatörinn á Íslandi deyi ekki út. ÍRA þarf að

setja sér það markmið að fjölga amatörum á Íslandi um að minnsta kosti 25-30 á hverju ári. Þetta er ekki hægt nema með breyttum hugsanagangi þeirra sem eru amatörar í dag. Eina stóra byltingu þarf að gera, sameina þarf amatörá hugamálið og netflakk. Netflakkarar eru amatörar nútímans og nýju aldarinnar. Og eins og gamla máltækið segir: Ef þú getur ekki unnið þá, gakkstu til liðs við þá.

Töluvert er rætt um framtíð morse sem samskiptamáls þessa dagana. Ég er á þeirri skoðun að þó búið sé að leggja niður morse í almennum radiófjarskiptum þá eigi amatörar að halda fast í



Valtýr TF3-030

morse sem samskiptahátt. Þannig halda amatörar sinni sérstöðu og rétti til amatörtíðnisviðanna. Eitt er þó verðugt umhugsunarefni en það er hraðakrafan til að ná prófi. Velta má fyrir sér hvort ef til vill væri réttara að minnka kröfurnar fyrir próf en leggja meiri áherslu á að amatörar fari í loftið á morse og ýta undir að þeir nái upp leikni og meiri hraða með tímanum án þess að hafa prófvöndinn yfir sér. Þetta mætti gera með keppnum og verðugum verðlaunum.

73 de TF3JA

Mynd af öðrum þáttakendum í námskeiðinu er á baksíðu. Þessar myndir eru teknar úr myndbandi sem Kristján Benediktsson TF3KB tók.

Ritstjóri

Hvernig getur nokkur heilvita maður lært Mors

Það verður alveg að viðurkennast að þetta var svar mitt við spurningum í þá átt hvort ég ætlaði ekki að læra mors. Mér var það bara ekki nokkur lífsins leið að skilja á milli langra og stuttra daha og ditta sem bárust úr talstöðvum og morslyklum. Þetta fannst mér bara vera einhver helv.... hávaði sem einfaldast væri að slökkva á og vera ekkert að reyna að skilja þetta. Maður fór bara í vont skap við að reyna að skilja þetta tikkidi takk sem barst úr tækjunum. Ég hef aldrei talist taktviss týpa og þaðan af síður með tóneyra og það sem meira er þá vill karlinn meina að ég sé bara með einfaldan móttakara. Ef sjónvarpið er í gangi þegar síminn hringir þá verður að slökkva á tækinu, senda mig fram til að tala eða hreinlega að sleppa því að svara símanum. Svo ég hreinlega gat ekki séð mig fyrir mér að hlusta á mors og skrifa það niður í leiðinni, þetta var bara fyrir einhverjar flóknari mannverur en mig.

En svo gerðist það einn laugardag í febrúar að Radíóskátar tóku þátt í smá skátamóti í loftinu í tilefni af Thinking day og fæðingardegri Baden Powells. Ég sat niður á Snorrabraut og var að fylgjast með HF mönnum sem komu til að aðstoða okkur. Þarna sátu þeir og spjölluðu um víðan heim, það voru Finnland og Noregur, Ástralía og Holland, Bandaríkin og Síbería. Það var iðulega pile-up á þessa special event TF stöð okkar. Og þarna bara heillaðist ég gersamlega af HF viðskiptunum og hugsaði með mér "þetta langar mig að geta".

En þarna kom ég að stóru vandamáli. Til að geta farið á HF-ið þá VERÐUR maður að læra morsið. Tómt klúður maður. Hvernig á maður að geta það þegar maður er bara með einfaldan móttakara, taklaus og ekki með nokkurt tóneyra? "Vonlaust" hugsaði ég með mér, stundi og ýtti málinu frá mér.

En þá fréttist að byrja ætti A/T námskeið og að

morskennsla yrði þar með. Karlinn vildi óður fara í þetta og það kom ekki annað til greina en að ég færi með. Og ég lét hafa mig út í þetta, drattaðist með fyrsta kvöldið. Þar með fóru rólegu kvöldin sem ég var búin að sjá út núna á vormánuðum fyrir lítið. Þarna var nefnilega staddur svo afskaplega skemmtilegur kennari sem á einhvern undursamlegan hátt tókst strax á fyrsta kvöldi að sýna manni fram á það að þetta væri nú ekkert óyfirsíganlegt. Axel fann líklegast bara bylgjulengdina fyrir morsið í mér! Nú heyri ég di og dah og veit hvað það segir.




Við fengum spólu þar sem TF3KB kennir mors með hljóðlíki og við fengum forrit í tölvuna hjá okkur. Nú er ekki lengur spilað Dire Straits eða Brimkló á mínu heimili, nei nú er það TF3KB eða MorseCat. Á venjulegum heimilum er eld hús rúllustandur algengur á eldhúsbörðum, hjá okkur er það tóngjafi og morslykill svona til að grípa í á meðan hrært er í grjónagrautum. Og vasa-diskóið hangir utan á manni, fyrst í stað öllum stundum. Ég lét þó eina

ökuferð með TF3KB tístandi í eyrun á mér duga, ég gleymdi mér svo gersamlega að ég var til stórvandræða í umferðinni.

Nú er ég búin að ná nýliðaprófinu en held ótrauð áfram að mæta hjá Axel. Þetta kemur bara með æfingunni og það þýðir ekkert að setjast með hendur í skauti. Er ekki best að reyna við A-ið fyrst maður er byrjaður á þessu? Þetta er svo flókið með kallmerkið þegar maður er bæði T og N! Þó hraðinn sé ekki mikill þá huggar maður sig við það að amatørar eru víst með afbrigðum kurteisir og svara manni á sama hraða og maður sendir á svo ég vonast til að ná hraðanum með æfingunni.

Sumarbandið 6 metrar

Nú, með hækkandi sól, er tími til kominn að fara hugsa um þau bönd sem eru hvað sprækust yfir sumartímann, en það eru eins og flestir vita þau bönd sem liggja ofarlega á því tíðnisviði sem okkur er úthlutað.



Þetta eru t.d bönd eins og 10m, 6m og 2m. 10 metrarnir hafa verið allsprækir í vetur og hafa oft náðst góð sambönd yfir daginn bæði á FM og SSB. Þetta bendir til að ástandið í jónalögunum sé að taka á sig þá mynd að sambönd á hærri tíðnum ættu að batna í kjölfarið með hækkandi sól. Það band sem ég tel hvað mest spennandi fyrir okkur í sumar, er það band sem við höfum eftir langan tíma loksins fengið til afnota án sérstaks leyfis hjá Póst og Fjar-skriptastofnunar. En þetta er sex metra bandið, eða 50 til 52 MHz, sem öllum A,B,C og T leyfishöfum er frjálst að nota innan síns leyfis.

Það má segja að nú mæli ekkert á móti því að við förum að nota þetta band meira en við höfum gert hingað til.

Útlendingar sem ég hef rætt við furða sig mikið á því hversu lítið heyrir frá TF stöðvum á sex metra bandinu þrátt fyrir þau vandamál sem ég hef lýst varðandi skilyrði og gamlar reglur P&S. um leyfi til Íslendinga og segja að þeir hafi oft talað við TF og heyri oft í sjónvarpssendingum á nágretta tíðnum. Að vísu er ekki sama öryggi að ná sambandi

eins og á 20 m, en það er bara svolítið sjarmerandi að geta ekki alltaf náð sambandi og adrenalínið er bara meira þegar bandið logar af dx stöðvum.

Mér hefur verið sagt að þegar síðasta góðæristímabil hafi verið þá hafi menn náð til Ísarel í austri og að Klettafjöllum í vestri á aðins 15W og heimatilbúnum ¼ bylgju dipol.


Innanlands tilraunir með 6m hafa ekki verið miklar og mætti bæta þar úr, því er ekki vitlaust að í framtíðinni að setja upp endurvarpa á þessu bandi svipað og Bretar hafa gert á undanförunum árum.

Þetta gætu verið krossband endurvarpar t.d. 2m inn 6m út, þannig að þeir sem ekki hafa búnað á 6m geti notað bandið.

Það er ein kostur við 6m og það er að ekki er nauðsynlegt að vera með mikið afl eða stór loftnet til að ná góðum árangri, venjulegur ¼ bylgju þrjú á t.d. bíl er ekki meira en u.þ.b. 1,5 m og ætti ekki að vera til trafala á ferðalaginu í sumar.

Ég læt fylgja með þessari grein um sex metrana, teikningar af tvennskonar loftnetum sem auðvelt er að smíða og koma upp fyrir sumarið þegar fjörið á 6 byrjar.

73 de TF3VET



An improved "High-Performance" 6 meter Base-Station Dipole

Fundargerð aðalfundar frh.

tillögur um 4000 kr. og 4500 kr. TF3JA sagðist styðja tillögu gjaldkera. Ekki væri gott að hafa félagsgjald of hátt, það yrði bara til að fæla frá. TF3VS sagðist einnig styðja tillögu gjaldkera um 3000 kr. TF5BW sagðist ennfremur styðja 3000 kr. TF3TXT sagði að með 3000 kr. árgjaldi væri frekar hægt að hafa sérstakar safnanir, menn færu fánlegri til að láta eitthvað aukalega af hendi rakna á þann hátt. Eftir þessar umræður, drógu allir þeir sem báru fram tillögur um aðra fjárhæð en 3000 kr., tillögur sínar til baka. Var síðan samþykkt tillagan um 3000 kr.

Undir liðnum önnur mál tók TF3VDT til máls og ræddi um landsmót skáta sem haldið verður 13.-20. júlí n.k. á Úlfhljótsvatni. Hvatti hún menn til að taka þátt í mótinu að einhverju eða öllu leiti. Mannskap vantaði til að leiðbeina ungum skátum, einnig vantaði að manna HF stöð t.d.

TF3TXT gerði fyrirspurn um hvernig gengi á námskeiði. TF3JA sagði að um 20 manns væru nú á námskeiðinu og væri góð von um fjölgun leyfishafa. TF3VDT spurði Jón Þórodd hvort eitthvað hefði verið gert fyrir unga Vestmannaeyinga, og kvað hann ekkert hafa frétt af þeirra gengi, en sagði jafnframt að gögn hafi þegar verið send til Eyja. Þá var TF5BW spurður um hvort hann vissi um hver væri áhugi á námskeiði norðan heiða. Sagðist hann ekki hafa heyrt um neinn áhuga þar. TF3JA talaði um tíðnisvið, truflanahættu frá stafrænum sendingum og hvernig væri hægt að tvinnna saman radióamatörmennskuna og tölvubyltinguna, þannig að hægt væri að auka áhuga yngra fólks á þessu tímstundagarni okkar.

TF5BW vildi þakka prófanefnd fyrir vel unnin störf og vildi einnig koma því á framfæri að menn sendu sér myndir, bæði gamlar og nýjar, af hverslags amatörtengdu efni. Hann hefði mikinn áhuga á að skanna þessar myndir svo hægt væri að eiga þær allar á einum aðgengilegum stað. Sagðist hann skila myndum til baka þegar hann væri búinn að skanna þær.

TF3HP talaði um nýja fjáröflunarleið, merktar könnur. Þar gætu menn fengið könnu, með ÍRA merkinu og kallmerki sínu, fyrir 1000 kr. Lét Haraldur ganga lista sem menn rituðu nafn sitt á, þeir sem höfðu áhuga. Þá sagði Haraldur frá því að Borgarskjalavörður hafi boðist til að geyma öll þau

pappírsgögn sem tilheyrðu félaginu. Sagði TF3HP frá því að TF3RJT hefði gert gangskör í því að koma þeim gögnum sem geymd hafa verið í Skátaheimilinu til Borgarskjalavardar.

Í framhaldi af þessu spurði TF3TF, hvort félagið ætti öll CQ TF sem höfðu verið gefin út. TF3HP svaraði því og sagðist ekki vita til að svo væri.

TF8GX spurði hvort nauðsynlegt væri að formaður væri C-, eða B leyfishafi. TF3HP svaraði því og sagði svo þurfa að vera vegna þess að formaður bæri ábyrgð á klúbbstöðinni m.a.

Þá barst talið að “contest” næstu helgar, og sagði TF3HP að þar sem við hefðum ekki fengið húsið til afnota væri óvíst um þátttöku. TF3KET bauð mönnum að nota aðstöðu í húsnæði radióskáta. Var þakkað fyrir boðið og ákveðið að kanna það nánar.

Fundarstjóri, TF3KB, sleit síðan fundi kl. 16.50.

Fundargerð ritaði TF3AO

Á fundinn mættu: TF5BW, TF3FK, TF3WOT, TF3VET, TF3-030, TF8GX, TF8SM, TF3AX, TF3BM, TF3HKT, TF3OKT, TF3GC, TR3RJT, TF3GB, TF3LA, TF3HP, TF3TXT, TF3KB, TF3AO, TF3VS, TF3VDT, TF3JKT, TF3TF, TF3DC, TF3FB, TF3JA, TF3BA, TF3GW og TF3KET.

Gömul blöð af CQ TF

Því miður mun ÍRA ekki eiga heilsteyppt safn af CQ TF frá upphafi. Undirrituðum datt því í hug hvort ekki mætti gera tilraun til að koma því safni upp. Byrjun á því er að Óskar Sverrisson, TF3DC, lánaði mér nýlega möppu fulla af gömlum blöðum og fréttabréfum og verður nú unnið við að skrá og ljósrita innihald möppunnar og mun þessi skrá birtast í næsta CQ TF. Ég er þess fullviss að hjá mörgum ÍRA félögum liggja gömul blöð einhversstaðar í geymslu og mikið ósköp þætti mér vænt um að menn mundu leita þessi blöð uppi og lána mér til ljósritunar. Að sjálfsgöðu verður þeim skilað aftur strax að ljósritun lokinni.

**Brynjólfur Jónsson TF5BW
Pósthólf 121
602 Akureyri**

Úr Ýmsum áttum

Nýtt DXCC Land

ITU hefur úthlutað Palestínu forskeytinu E4. Palestínu verður bætt á DXCC listann 1. október 1999. Sambönd höfð við E4 stöðvar eftir 1. febrúar 1999 munu gilda fyrir þetta land. Samkvæmt DXCC reglum munu sambönd við Palestínu höfð fyrir 30. júní 1968 ekki gilda fyrir þetta land.

Heimild 425 DX News

RSGB DX News Sheet

RSGB DX News Sheet sem Geoff Watts (Silent Key) hóf útgáfu á 1962 mun hætta að koma út frá og með 30. júní 1999. Ástæðan fyrir þessu eru minnkandi áskriftir. Núverandi ritstjóri DXNS, Chris Page, G4BUE, segist ekki vera í aðstöðu til að taka við útgáfunni.

Heimild 425 DX News

IARU region 1 VHF/UHF/microwave beacon list

Nýjustu útgáfuna af þessum lista er að finna á slóðinni <http://www.scit.wlv.ac.uk/vhfc/> Þar er bæði hægt að sækja listan sem texta skrá eða Word 6 skjal.

Heimild TF3AO

Bráðum 20 ára gamal Evrópu met TF3YH á 15 m CW stendur enn

AF	ZD8LII	255,303 91	S15 CW
AS	7L1GVE	217,674 0	S15 CW
EU	TF3YH	317,520 0	S15 CW
NA	N6OP/NP2	330,840 94	S15 CW
OC	KG6DX	187,587 89	S15 CW
SA	LU6ETB	342,942 97	S15 CW

Heimild TF3DC

CQ TF fyrir 20 árum

Margir eru þessa dagana að undirbúa sig fyrir ýmist N-T-A eða C-próf Fyrir utan námskeiðið sem hefur staðið yfir í I.R.A. og sagt var frá hér fyrir framan, hafa þeir í Straumsvík, TF3ALU, verið með námskeið i vetur fyrir nýliðapróf. 10 manns byrjuð þar og þeir fara í próf núna í lok maí. TF3IM og fl. hafa leiðbeint. Lætur þá nærri að fast að 20 amatörar

vinni hjá ISAL: En þeir hafa eigin klúbbstöð og mjög góðar aðstæður.

Þá er líka mikill áhugi úti á landi bæði fyrir austan og vestan. Á Akureyri fara þrír í A-próf og einn í tæknipróf.

Norður við Kröflu eru nokkrir áhugasamir, sem við orkuverið og koma trúlega hingað suður í próf.

Einnig eru á ýmsum stöðum úti á landi mjög áhugasamir menn, sem vantar eingöngu heppilega tilsögn. Sérstaklega þeirra vegna eru QTC-sendingarnar mjög mikilvægar og vinsælar.

Silent keys

Hussein Jórdaníu konungur, JY1, trúlega þekktasti radíóamatör í heiminum lést 7. febrúar 1999 úr krabbameini.

Dr. John Allaway, G3FKM lést 6. mars 1999 eftir löng veikindi. Hann var heimsþekktur fyrir störf sín að máefnum radíóamatöra.

Heimild RadCom

DX-World-Guide

1998 útgáfan af "The DX-World-Guide" eftir Franz Langner, DJ9ZB, er nú fáanleg. Þessi bók er ágæt viðbót við bókasafn radíóamatöra hvort sem menn hafa áhuga fyrir DX eða almennum upplýsingum. Á hverri síðu er gnægð upplýsinga um hvert land í auðskiljanlegu formi. Þar er einnig QSL kort ásamt landakorti af viðkomandi landi. Þar er einnig að finna lista yfir höfuðborgir ásamt staðsetningu í lengd og breidd og fullt af öðrum upplýsingum.

Bókin, sem ég veit ekki betur en að sé á ensku, kostar USD 25.00 eða DM 40.00 og fæst hjá Joachim Kraft, DL8HCZ, Gruetzmuehlenweg 23, D-22339 Hamburg, Germany.

Hægt er að hafa samband við Joachim með tölvupósti DL8HCZ@DH0HB eða FUNKTELEGRAMM@t-online.de eða í síma +49405383186.

Heimild WorldRadio

Leiðsögumaður (Elmer)

Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA, hefur verið skipaður í embætti leiðsögumanns (Elmers) ÍRA fyrir komandi radíóamatöra. Hann mun sjá um að samhæfa þessa þjónustu og fá aðra með sér til starfa.

Nemendur á radióamatörnámskeiði ÍRA



Aftast eru Vignir, Helgi, Jóhannes og Halldór, síðan Anna, Sigurður Ingólfs og Jökull. Fremst er Sigurður Kolbeinsson. Á myndina vantar Ævar, Hauk, Hrafnel, Valtý, Jónu og Berg sem öll voru líka viðstödd þennan dag 30. mars 1999. Myndin er endurgerð úr myndbandi sem Kristján Benediktsson TF3KM tók.

Næsta CQ TF kemur út í byrjun júlí og þarf efni í það blað að hafa borist ritstjóra fyrir 15. júní.

Ritstjóri óskar öllum félögum ÍRA gleðilegs sumars



CQ TF

ER FÉLAGSBLAÐ ÍSLENSKRA RADÍÓAMATÖRA

YAESU